

Þriðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 30/1952.

Borgarfell h/f

gegn

Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember 1952, sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 17. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að veittur verði frestur sá, sem synjað var um. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Víta ber Kristján Eiríksson héraðsdómslögmann fyrir ber-sýnilega tilefnislausu kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Borgarfell h/f, greiði varnaraðilja, Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., hefur Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttumleitan með stefnu, útgefinni 13. maí s.l., gegn Borgarfelli h/f hér í bænnum til greiðslu vixilskuldar, að fjárhæð kr. 93.491.25, með 6% ársvöxtum af kr. 3473.25 frá 14.

ágúst 1951 til 22. s. m., af kr. 49.173.25 frá þeim degi til 5. nóvember 1951 og af kr. 93.491.25 frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 382.20 í afsagnarkostnað og stimpilgjald og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Kröfu þessa kveður stefnandi vera samkvæmt þremur eigin víxlum. Vixli að fjárhæð kr. 3473.25, útgefnum af stefnda 14. júní 1951 til greiðslu 1. september 1951. Vixli að fjárhæð kr. 45.700.00, útgefnum af stefnda 22. júní 1951 til greiðslu 1. september 1951. Vixli að fjárhæð kr. 44.318.00, útgefnum af stefnda 5. september 1951 til greiðslu við sýningu, en víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 6. maí s.l. Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að skjöl þau, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, séu ekki víxlar og njóti ekki réttar sem slíkir. Hefur stefndi því haft uppi varnir varðandi fjárskipti þau, er liggja að baki skjölum þessum.

Mál þetta var þingfest 12. júní s.l., og kom þá fram af hendi stefnanda stefna, sáttakæra, skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á, og greinargerð. Stefndi fékk þá frest til að rita greinargerð til 19. s. m., og þann dag kom fram greinargerð af hans hendi. Umboðsmenn aðilja fengu þá sameiginlegan frest til öflunar gagna til 26. s. m., og síðan hefur þessi frestur verið framlengdur fjórum sinnum til 13. þ. m. Á þessu tímabili hafa engin gögn komið fram af hendi stefnda. Á bæjarþingi þann 13. þ. m. lagði umboðsmaður stefnda fram eftirrit bréfs, er hann hafði ritað fyrirtæki einu hér í bænum þann 4. þ. m., og óskaði hann þar eftir ýmsum upplýsingum frá fyrirtækinu, varðandi atriði, sem hann virðist byggja á kröfur sínar í sambandi við fjárskipti þeirra aðilja. Óskaði hann síðan eftir tveggja vikna framhaldsfresti til að afla gagna þeirra, er í bréfi þessu greindi.

Af hálfu stefnanda var fresti þessum mótmælt og talið, að stefndi hefði þegar haft nægan tíma til að afla gagna þessara.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Hér að framan hefur verið rakin saga máls þessa hér fyrir bæjarþinginu. Þegar virtir eru frestir þeir, sem aðiljar hafa þegar haft til gagna-öflunar, þá verður að telja, að stefndi hafi þegar haft nægan tíma til að afla gagna um þau atriði, sem hann telur sig nú þurfa að afla gagna um. Samkvæmt því og með vísan til ákvæða 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykir ekki unnt gegn andmælum stefnanda að veita stefnda frekari frest til að afla gagna þessara.

Verður því frestbeiðni þessari synjað.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.